

Alþingi  
Erindi nr. P 135/325  
komudagur P 135/32007



## Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum

Nr. 182 nóvember 1992

Hjá Blátt áfram teljum við að lögfesta eigi samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Til að svo sé hægt þarf eðlilega að fara í íslensku löggjöfina og skoða eins og barna, barnaverndar, almennu hegningarlögin o. s. frv.

Í flestum tilvikum eru lög samnings SP þar sem lög Íslands vantar uppá að styðja við og bera hag barnsins í fyrirrúmi.

Þá sérstaklega í hvað er barninu fyrir bestu og að hagsmunir barnsins séu teknir fram fyrir hagsmuni fullorðins.

Blátt áfram vili einnig að kynferðislegur lögdur sé hækkaður í 16 ár og að tekið verði upp reifhækkunarákvæði þegar um era 8 ræða kynferðisbrot gegn börnum. Brot gegn börnum hefur varanleg áhrif á þau og með því að hækka refsíákvæði teljum við líkur til að fullorðnir geri sér grein fyrir alvarleika brotsins.

Teljum við að að eðlilegt sé að hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns þar sem mikið af áreiti frá fjölmiðlum og ofbeldismönnum komist þannig að börnum, jafnvel inná heimilum þeirra og foreldrar óttist þetta frelsi barna og standi sig þá ekki í foreldra hlutverkinu að bera ábyrgð á barninu.

Einnig telur Blátt áfram að nauðstynlegt sé að hafa sérákvæði um ráðningu starfsfólks og sjálfbæðandi til stofnanna sem vinna með börnum. Ítarlegri umsóknir og bakrunnsathuganir sem og skimun starfsfólks og starfs og vinnuferli inná stofnunum sem vinna með börnum.

Blátt áfram fer inná stofnanir og er með fræðslu fyrir grunn og leikskólakennara og annað starfsfólk Finnum fyrir ótta hjá starfsfólki sökum þess það er ekki viss hvað ber að gera og hvemig. Veit jafnvel ekki hve mikilvæg lög ríkisins séu og að þeim beri að vinna eftir þeim. Uppfræða þarf starfsfólk stofnanna og hvetja það að styðja barn og leita hjálpar fyrir barnið þegar þess er þörf.

Upplifum of mikið af tilkynningum og ábendingum fara ekki alla leið sökum ótta og vanþekkingar.

Fyrir hönd Blátt áfram

Handwritten signature of Sigríður Björnsdóttir in black ink.  
Sigríður Björnsdóttir